

Háskóli Íslands
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík
b.t. Ólafs S. Andréssonar
osa@hi.is

Reykjavík 26. apríl 2018
UST201804-196/G.G.
09.05.01

Efni: Leyfi vegna rannsókna á áhrifum hlýnunar á hélumosavist innan friðlands að Fjallabaki.

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Ólafs S. Andréssonar dags. 17. apríl 2018 þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp glær plastbúr sem eru opin að ofan á svæði sunnan við Löðmundarvatn að vegi F225, Dómadalsleið, innan friðlands að Fjallabaki. Tilgangurinn er að kanna áhrif hlýnunar á hélumosavist.

Friðland að fjallabaki var friðlýst árið 1979 sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 354/1979. Tilgangur friðlýsingar er að varðveita sérstök landsvæði þannig að komandi kynslóðir hafi tækifæri til að njóta þeirra á sama hátt og við gerum.

Lýsing framkvæmdar:

Setja á upp glær plastbúr sem eru opin að ofan. Reynslan í langtímarannsóknum á Þingvöllum, Auðkúluheiði og víðar á norðurslóðum er góð og sýnt að með þeim er hægt að hækka jafnaðarhitastig um nærri 2 gráður og líkja þannig eftir fyrirsjáanlegum loftslagsbreytingum. Með þessari tilraunauppsetningu er ætlunin að meta líkleg áhrif hlýnunar á vistgerð sem er mjög útbreidd á hálendum svæðum héraendis og víðar á norðurslóðum. Svæðið þykir sérstaklega hentugt til athugana vegna aðgengis og vegna þess hversu slétt það er. Þessar aðstæður eru ekki algengar og hafa umsækjendur ekki fundið sambærileg hélumosasvæði annars staðar.

Rannsóknin felst í því að setja upp 7 til 8 plastbúr, um 1 fermetri að flatarmáli hvert og um 40 sm hátt, ásamt litlu mælitæki í hverju búi. Sýni verða tekin og mælingar gerðar á framvindu gróðurs. Þar eð búrin eru gagnsæ og a.m.k. 100 metra frá vegi, þá verða þau lítt sýnileg vegfarendum. Samkvæmt reynslu frá öðrum svæðum skapa þau ekki hættu fyrir dýr svo sem sauðfé og fugla.

Rannsóknareitirnir verða skoðaðir bæði vor og haust í a.m.k. þrjú ár (allt að tíu ár) og lagfærðir eftir þörfum. Umhverfisstofnun verður sent yfirlit um athuganir á hverju ári.

Mynd af plastbúi og kort af rannsóknarsvæðinu fylgdu með umsókninni.

Áhrifamat:

Fyrirhuguð rannsókn er áætluð í grennd við Löðmundarvatn á svæði þar sem m.a. er að finna vistgerðina hélumosavist. Verndargildi vistgerðarinnar er metið miðlungs (skv.

skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands) en vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Uppsetning plastbúranna, tímalengd rannsóknarinnar og eðli hennar mun mögulega valda sýnilegum áhrifum á gróður á svæðinu. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að rannsóknin hafi neikvæð áhrif á svæðið til lengri tíma litið ef tekið er tillit til þeirra skilyrða sem sett eru. Stofnunin metur sem svo að rannsóknin, eins og henni hefur verið lýst af umsækjanda, sé ekki til þess fallin að rýra verndargildi friðlandsins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort framkvæmdir kalla á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort þær kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, truflun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun metur rannsóknina háða leyfi stofnunarinnar með tilvísun í 3. gr. og 5. gr. auglýsingar nr. 354/1979.

Stofnunin veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsókninni miðað við ofangreinda verkefnislýsingu með eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal um upphaf ferðar til landvarðar Umhverfisstofnunar.
- Hafa skal þetta leyfi meðferðis þegar unnið er að rannsókninni.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum á annan hátt en rannsóknin nær yfir.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.


Leyfisgjald


Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi vegna rannsókna á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Jón Smári Jónsson
sérfræðingur